



BOLUNGARVÍK

FUNDARGERÐ BÆJARRÁÐS

Fundur nr. 2479

Ár 2026, þriðjudaginn 6. janúar kl. 16:15, kom bæjarráð Bolungarvíkur saman til fundar á skrifstofu bæjarstjóra í Ráðhúsinu í Bolungarvík.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, formaður, Ástrós Þóra Valsdóttir og Þorbergur Haraldsson og Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Verkefnalisti bæjarráðs

Lagt fram til kynningar.

Verkefnalisti kynntur.

2. Þjónustusamningur við Advania um tölvuþjónustu

Lagt fram til samþykktar.

Bæjarstjóri kynnti þjónustusamning við Advania um tölvuþjónustu. Bæjarráð felur bæjarstjóra að skrifa undir samningin fyrir hönd sveitarfélagsins.

3. Úthlutun byggðakvóta 2025/2026 - Bolungarvíkurkaupstaður

Lagt fram til kynningar.

Bæjarstjóri kynnti erindi Leifs Arnkels Skarphéðinssonar, f.h. innviðaráðuneytis, þar sem tilkynnt er um úthlutun byggðakvóta til Bolungarvíkur á fiskveiðiárinu 2025/2026.

Bæjarráð óskar ekki eftir að leggja fram sérreglur og felur bæjarstjóra að tilkynna ráðuneytinu um þá ákvörðun.

4. Drög að frumvarpi til laga um lagareldi

Lagt fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar drög að frumvarpi til lagi í lagareldi eins og það er lagt fram í samráðsgátt stjórnvalda.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að undirbúa umsögn um frumvarpið og leggja fyrir bæjarráð.

5. Áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna lax- og silungsveiði

Lagt fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna lax- og silungsveiði eins og það kemur fram í samráðsgátt stjórnvalda.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að undirbúa umsögn og leggja fyrir bæjarráð.

6. Viðauki nr.1 vegna 2025

Lagt fram til afgreiðslu.

Bæjarráð vísar viðauka nr.1 til samþykktar í bæjarstjórn.

7. Fundargerð Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Lagt fram til kynningar.

Fundargerð samtaka sjávarútvegssveitarfélaga frá 10.desember 2025.
Fundargerð kynnt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:37

Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir
Þorbergur Haraldsson

Ástrós Þóra Valsdóttir
Jón Páll Hreinsson